

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Heiði, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 11. júní 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Heiði, Hellistorfu. Um er að ræða u.þ.b. 2 ha lóð sem skipta á niður í 5 lóðir til uppbyggingar frístundahúsa. Vegur innan svæðis verður í sameign allra. Aðkoman er frá Þingskálavegi. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 22. september 2025.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 6. október 2025